

**68. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
24. október 2017 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1708094 - Íbúaþing um farsæl efri ár á Akranesi**

Íbúaþing um farsæl efri ár var haldið á Akranesi 27. september sl. Íbúaþingið var haldið í tengslum við starfshóp sem bæjarráð skipaði í lok árs 2016 til að fjalla um samráð og stefnumótun aldraðra. Niðurstöður íbúaþingsins liggja nú fyrir en starfshópurinn mun nýta þær til áframhaldandi vinnu sinni við stefnumótun í málaflokknum.

*Skýrsla með niðurstöðum íbúaþings um farsæl efri ár á Akranesi lögð fram til kynningar.*

**2. 1708093 - Fjárhagsáætlun 2018 (og vegna tímabilsins 2019 - 2022)**

Tíma- og verkáætlun liggur fyrir við gerð fjárhagsáætlunar 2018. Forstöðumenn velferðar- og mannréttindasviðs hafa farið yfir fyrstu drög vinnubóka og forsendur við gerð fjárhagsáætlunar.

*Farið var yfir greinargerð sviðsstjóra með samantekt á forsendum fyrir fjárhagsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs fyrir árið 2018.*

**3. 1710157 - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili fjölgun dagdvalarrýma**

Afrit af bréfi Kjartans Kjartanssonar framkvæmdastjóra Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis til heilbrigðisráðherra um beiðni um fjölgun dagdvalarrýma og heimild til að breyta 10 almennum dagdvalarrýmum í dagdvalarrými fyrir heilabilaða. Í bréfi Kjartans kemur fram að biðlisti er eftir dagdvalarþjónustu á Höfða, heimahjúkrun Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) er að fyllast og stendur frammi fyrir því að geta ekki veitt nægjanlega þjónustu til þeirra sem þess þurfa og heimaþjónusta Akraneskaupstaðar stendur frammi fyrir því að þurfa að forgangsraða innliti og persónulegum stuðningi á kostnað þrifa sem er oftast fyrsta tenging fólks við þjónustuna.

Jafnframt kemur fram að enginn varanleg dagdvalarrými eru fyrir heilabilaða í heilbrigðisumdæmi Vesturlands ólíkt flestum öðrum heilbrigðisumdæmum landsins.

*Velferðar- og mannréttindaráð tekur undir mikilvægi þess að fjölga dagdvalarrýmum og breyta almennum dagdvalarrýmum í dagdvalarrými fyrir heilabilaða. Ráðið telur nauðsynlegt að orðið verði við beiðni Höfða sem fyrst til að koma til móts við þann biðlista sem hefur myndast eftir dagdvalarrýmum, eftir*

hvíldarinnlögnum og álagi í heimahjúkrun.

**4. 1710156 - Hvalfjarðarsveit samstarf um þjónustu barnaverndar**

Sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar hefur fyrir hönd sveitarfélgsins leitað eftir samstarfi við velferðar- og mannréttindasvið Akraneskaupstaðar um þjónustu barnaverndar.

Félagsmálastjóri sagði frá reynslu af samstarfi Akraneskaupstaðar við Hvalfjarðarsveit um þjónustu barnaverndar sem var fyrir nokkrum árum síðan. Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra og félagsmálastjóra að kanna hvað getur falist í slíku samstarfi. Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu einnig til bæjarráðs til kynningar og staðfestingar á að hefja viðræðu við Hvalfjarðarsveita um grundvöll til samstarfs í þjónustu barnaverndar.

**5. 1706056 - Húsnaðisáætlun 2017-2021**

Vinna við gerð húsnaðisáætlana fyrir Akraneskaupstað er hafin.

Vinnufyrirkomulag kynnt og þær upplýsingar sem liggja fyrir. Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra í samvinnu við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasvið að kanna samstarf við Hvalfjarðarsveit um gerða húsnaðisáætlunar. Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu einnig til bæjarráðs til kynningar og staðfestingar á að hefja viðræðu við Hvalfjarðarsveita um samstarf við gerð húsnaðisáætlunar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**

*Vilhjálmur Gudbjartsson  
Einar Þorðarson  
  
Guðrún Ólafsson  
Anna Þóra Þorgíðsdóttir  
Svanheiði Þórhildur*